

## AUGLÝSING

### um stöðvun strandveiða á svæði A, frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps.

1. gr.

Frá og með 23. maí til og með 31. maí 2013 eru strandveiðar bannaðar á svæði A, Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps, samkvæmt 5. mgr. sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 304/2013, um strandveiðar fiskveiðiárið 2012/2013.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 5. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 304/2013, um strandveiðar fiskveiðiárið 2012/2013, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Fiskistofu, 21. maí 2013.*

**Hrefna Gísladóttir,**  
sviðsstjóri fiskveiðistjórnunarsviðs.

---

*Jón Valgeir Guðmundsson.*